

7. fundur sveitarstjórnar Fljótsdalshrepps, 04.11 2014, Végarði kl. 13.30.

Mættir voru allir aðalmenn sveitarstjórnar, Anna Jóna Árnarsdóttir, Eiríkur J Kjerúlf, Gunnþórunn Ingólfssdóttir, Lárus Heiðarsson og Þorvarður Ingimarsson.

Oddviti setti fund og gengið var til dagskrár.

Dagskrá

1. **Sýslumaðurinn á Seyðisfirði**, Lárus Bjarnason kynnir nýja skipan sýslumannsembættta.
2. **Skýrsla oddvita**
3. **Fjárhagsáætlun Fljótsdalshrepps 2015 og þriggja ára áætlun 2016-2018, fyrri umræða**
4. **Aðalskipulag Fljótsdalshrepps 2014-2030**
5. **Boðun aðalfundar Skólaskrifstofu Austurlands 2014, ásamt fundargögnum**
6. **Boðun aðalfundur Héraðsskjalasafns Austfirðinga 2014, ásamt fundargögnum**
7. **Laugargarður ehf**
8. **Gróðrarstöðin Barri ehf**
9. **Landbótasjóður Fljótsdalshrepps, ársskýrsla stjórnar 2013**
10. **Bréf**
 - a) Rarik dags. 13.10
 - b) Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga dags. 27.10
 - c) EBÍ Brunabót dags.24.10
 - d) Umhverfis-og auðlindaráðuneytið dags. 08.10
11. **Umhverfisstyrkir**
 - a) Jóhann Þórhallsson og Sigrún Ólafsdóttir, Brekkugerði
 - b) Magnhildur Björg Björnsdóttir
12. **Fjárbeiðnir**
 - a) Hestamannafélagið Freyfaxi
 - b) Búnaðarfélag Fljótsdalshrepps
13. **Fundargerðir**
 - a) Verkefna-og rannsóknarsjóður Fljótsdalshrepps og Landsbankans 29.10
 - b) Aðalfundargerð Samtaka orkusveitarfélaga 10.10, ásamt ályktunum fundarins
 - c) Framkvæmdaráð Skólaskrifstofu Austurlands 29.10
 - d) Aðalfundargerð SSA 19.-20. 09 2014

- e) Minjasafn Austurlands 28.10
- f) Almannaþingarnefnd Múlaþings 24.10
- g) Brunavarnir á Austurlandi 24.10, ásamt fjárhagsáætlun 2015
- h) Brunavarnir á Héraði 09.10, ásamt fjárhagsáætlun 2015
- i) Héraðsskjalasafn Austfirðinga 09.09 og 06.10
- j) Byggingarnefnd Fljótsdalshrepps 30.10

14. Önnur mál

1. Sýslumaðurinn á Seyðisfirði.

Sýslumaður afboðaði komu sína og því fellur 1. liður dagskrár niður.

2. Skýrsla oddvita.

Oddviti sat fundi í Reykjavík 8.-9 október þ.e. ársfund Jöfnunarsjóðs, fjármálaráðstefnu sveitarfélaga og ársfund Samtaka orkusveitarfélaga. Einnig átti oddviti fund með Landmótun um aðalskipulagsmál.

Rekstraraðilar Laugarfellsskála fyrirhuga að breyta uppsetningu rúma í 2 herbergjum og taka 4 kojur út úr herbergjum og setja í þeirra stað tvíbreið rúm. Kojur sem fjarlægðar verða, verða geymdar eða nýttar í gistihúsi við Végarð. Þá hefur rekstaraðili bent á að í miklum vatnsveðrum þegar einnig er vindur virðist leka undir svölum og inn í matsal. Gæti það skýrt rakaskemmd í parketi við hurð í matsal. Einnig virðist vera rakavandamál í tækjarými, tengdu rennsli í útilaug og niðurfalli í rýminu.

Oddviti sat hluthafafund Gróðrarstöðvarinnar Barra ehf 23.10, sem boðaður var vegna rekstrarerfiðleika fyrirtækisins.

Endurskoðun varðandi starfsemi A hluta Skólaskrifstofu Austurlands stendur yfir, þáttur í því er að kalla fram viðhorf aðildarsveitarfélaga til starfseminnar og mætti oddviti í viðtal við ráðgjafa sem stýrir endurskoðunarvinnunni, 30.10.

Björg Björnsdóttir hefur tekið við verkefnastjórn málefna sveitarstjórnarstigs (SSA) hjá Austurbrú.

Minjastofnun boðar til umræðufunda vegna stefnumótunarvinnu, fundur á Egilsstöðum, 18.10, hjá Austurbrú.

Árleg úttekt öryggiskerfa í gistihúsum við Végarð og Laugarfellsskála leiddi í ljós nokkur atriði sem lagfæra þarf. Eldvarnarskoðun fór fram í Hallormsstaðaskóla í haust, ýmislegt þarf að bæta. Þá gerði Frumherji úttekt á tjaldsvæði við Végarð, fram komu athugasemdir við samspil rafmagnstöflu í Végarði og tengistólpa. Í úttektarskýrslu HAUST á seyrugröfju við Valþjófsstað er minnt á að gryfjur eigi að tæma og nýta áburðarefnin t.d. á skógrækt.

Ársfundur Umhverfisstofnunar og náttúruverndarnefnda verður haldinn á Hvolsvelli 06.11.

Landsnet bendir á að hægt er að kynna sér Kerfisáætlun Landsnets 2014-2023 og umhverfisskýrslu á heimasíðu fyrirtækisins www.landsnet.is

Skógræktarfélag Íslands leggur til að í samstilltu átaki verði unnið að því að nýta lúpínubreiður til skógræktar.

Innanríkisráðuneytið minnir sveitarfélög á að bráðabirgðaákvæði sveitarstjórnarlaga varðandi samninga um samvinnu sveitarfélaga þurfa að vera uppfyllt 15.10 2014.

Borgarfjarðarhreppur, Fljótshlí, Fljótshreppur og Seyðisfjarðarkaupstaður fóru með sameiginleg erindi á fund fjárlaganefndar Alþingis 17.10.

Talning með mæli á Hengifossvæði leiðir í ljós að frá 8. maí til 21. október gengu tæplega 41.600 gestir í gegnum talningarhlíð á göngustíg. Ef margir ganga um hliðið í einu eða í óslitinni röð, mælist fjöldinn illa, þannig að líklegt er að heildartala ferðamanna sé hærrí en mælir segir til um. En ljóst að í sumar var mjög fjölmennt á svæðinu.

Héraðsskjalasafn Austfirðinga vekur athygli á áfangaskýrslu um ljósmyndaverkefni safnsins. Skýrslan er aðgengileg á heimasíðu safnsins www.heraust.is

Minjastofnun Íslands hefur auglýst eftir umsóknum um styrki úr húsafriðunarsjóði fyrir árið 2015. Umsóknarfrestur er til 1. desember.

Samkvæmt samantekt um refa-og minkaveiðar í Fljótshreppi á undangengnu veiðitímabili voru unnin 6 greni. Veidd 7 grendýr, 24 yrðlingar og 25 hlaupadýr. Unnir minnkar voru 5. Heildarkostnaður við veiðarnar um 1,3 millj. Samkvæmt samningi við Umhverfisstofnun hækka framlög ríkisins til veiðanna frá því sem áður var og ættu þess að sjást merki strax á þessu ári.

Í tilefni af 20 ára afmæli starfsemi Landmótunar, gaf fyrirtækið út vandaðan bækling „Að móta land í 20 ár,, og hefur Fljótshreppi verið afhent eintak.

3. Fjárhagsáætlun Fljótshrepps 2015 og þriggja ára áætlun 2016-2018, fyrri umræða.

Fjárhagsáætlun Félagsþjónustu Fljótshlí 2015, áætlað framlag Fljótshrepps er kr. 1.315.366- Áætlunin samþykkt.

Tillaga að árgjöldum til SSA fyrir árið 2015, framlag Fljótshrepps verður kr. 226.056-. Áætlunin samþykkt.

Sveitarstjórn samþykkir að útsvarshlutfall árið 2015 verði 13,20%, sem er nokkuð undir hámarksálaginu (14,52%)

Sveitastjórn samþykkir álagningarprósentu fasteignaskatts árið 2015 , A- 0,40% B- 1,32% C- 1,65 %

Sveitarstjórn samþykkir að í gildi verði óbreyttar reglur um afslátt fasteignaskatts og gjalddagaregla óbreytt þ.e. 3 gjalddagar með eins mánaðar millibili. Lámars fjárhæð eingreiðslu fasteignagjalda verður kr. 20.000,-.

Sveitarstjórn samþykkir að rotþróa-og sorphirðugjöld verði óbreytt árið 2015. Sorpgjald á heimili er kr. 7.000- og rotþróargjald kr. 6.000-

Sveitarstjórn samþykkir að á árinu 2015 verði áfram í gildi, fyrri samþykkt um að Fljótshreppur greiði leikskólagjöld fyrir börn úr sveitarfélaginu í leiksskólanum Skógarseli, Hallormsstað, þ.e. leikskólagjöld án fæðis-og foreldrafélagsgjalda.

Sveitarstjórn samþykkir að reglur um greiðslur frístundastyrki 2015 verði óbreyttar , hámarks styrkur per einstakling er kr. 12.500-.

Sveitarstjórn samþykkir að reglur um greiðslur styrkja til námsmanna verði óbreyttar árið 2015, styrkur fyrir hverja kennsluönn verður kr. 85.000,-

Sveitarstjórn samþykkir að óbreyttar reglur gildi um styrki til sauðfjárvótakaupa árið 2015.

Sveitarstjórn samþykkir að veita umhverfisstyrki á árinu 2015, eftir sömu forsendum og reglum og árið 2014 .

Sveitarstjórn samþykkir að samningar við refaveiðimenn verði óbreyttir á árinu 2015, nema hvað varðar viðmið akstursgjalds sem tekur mið af ríkistaxta (sérstöku gjaldi) 01.01 2015.

Sveitarstjórn samþykkir að launakjör sveitarstjórnar og nefnda taki breytingum hvað varðar launavísitöluhækkun miðað við 01.01 2015 og aksturstaxti 2015 fylgi almennu km. gjaldi (ríkistaxta) 01.01 2015. Viðmið fyrir verktakavinnu á vegum sveitarfélagsins verður 3.500,- kr. klst, (auk vsk þar sem það á við). Viðmið tímakaups 1.900,- kr.

Oddviti er falið að kynna samþykktar reglur fyrir íbúum í fréttabréfi og á heimasíðu sveitarfélagsins, þar sem það á við.

Farið yfir drög að fjárhagsáætlun Fljótsdalshrepps 2015 og þriggja ára fjárhagsáætlun 2016-2018 . Að loknum umræðum var áætlunum vísað til annarrar umræðu.

4. **Aðalskipulag Fljótsdalshrepps 2014-2030.** Í bréfi Skipulagsstofnunar 18. sept og minnisblaði frá 20. okt. eru tilgreind atriði í skipulagstillögunni sem Skipulagsstofnun telur að þarfnist lagfæringa fyrir staðfestingu. Skipulagsfræðingur Landmótunar og oddviti hafa unnið tillögur að lagfæringum á skipulagstillögunni . Gert er ráð fyrir að skipulagið fái staðfestingu að loknum lagfæringum.
5. **Boðun aðalfundar Skólaskrifstofu Austurlands 2014, ásamt fundargögnum.** Aðalfundurinn verður haldinn á Seyðisfirði 21. nóv. Oddviti verður fulltrúi sveitarfélagsins á fundinum.
6. **Boðun aðalfundar Héraðsskjalasafns Austfirðinga 2014, ásamt fundargögnum.** Aðalfundurinn verður haldinn 6. Nóv. Á Djúpavogi. Gunnar Gunnarsson verður fulltrúi sveitarfélagsins á fundinum.
7. **Laugargarður ehf.** Ársreikningur fyrir árið 2013 borinn upp , samþykktur og undirritaður. Engin starfsemi var í félaginu.
8. **Gróðrarstöðin Barri ehf.** Óskað er eftir hlutafjárukningu hluthafa vegna erfiðrar fjárhagsstöðu. jafnframt leggur stjórn til að núverandi hlutafé félagsins verði fært niður um 30%. Sveitarstjórn telur ekki forsendur til frekari kaupa á hlutafé og hafnar því erindinu.
9. **Landbótasjóður Fljótsdalshrepps, ársskýrsla stjórnar 2013.** Kynnt.

10. Bréf.

- a) Rarik dags. 13.10. Kynnt.
- b) Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga dags. 27.10. Varðar jafnvægisreglu sveitarstjórnarlaga og sveitarstjórn er minnt á að gæta þess að þeim viðmiðum verði náð á árunum 2014-2016. Kynnt.
- c) EBÍ Brunabót dags.24.10. Varðar ágóðahlutagreiðslu 2014. Arður Fljótsdalshrepps er kr. 20.500-
- d) Umhverfis-og auðlindaráðuneytið dags. 08.10. Varðar flokkun á vegslóðum á miðhálandinu. Eftirfarandi er bókað sem svar sveitarstjórnar við erindi ráðuneytisins:

Sveitarstjórn telur að flokkun og kortlagning vegslóða ofan miðhálandislínu í Fljótsdalshreppi eigi að taka mið af :

Svæðaskipulagi Miðhálandis Íslands 2015, Stjórnar-og verndaráætlun Vatnajökulspjóðgarðs, Sérstöku svæðaskipulagi Kárahnjúkavirkjunar, tillögu að Aðalskipulagi Fljótsdalshrepps 2014-2030 og meðfylgjandi þemakortum, Laugarfell/Laugará deiliskipulag og öðrum þeim gögnum sem tiltæk eru um núverandi slóða.

Sveitarstjórn óskar eftir við starfshópinn að þegar tillaga að flokkun slóða og kortagrunni ,innan marka Fljótsdalshrepps liggur fyrir, fái sveitarstjórn þau gögn til yfirlestrar og athugasemda. Sveitarstjórn telur ekki fært að einhliða mat Umhverfisstofnunar verði lagt til grundvallar flokkun á slóðum án samþykkis sveitarfélagsins.

11. Umhverfisstyrkir

- a) Jóhann Þórhallsson og Sigrún Ólafsdóttir, Brekkugerði. Samþykktur hámarks styrkur.
- b) Magnhildur Björg Björnsdóttir. Ósk um breytingu á fyrri umsókn. Samþykkt.

12. Fjárbeiðnir. Samþykkt að taka á dagskrá erindi frá Búnaðarfélaginu og verður það b) liður.

- a) Hestamannafélagið Freyfaxi. Sótt er um 400.000,-kr styrk vegna fyrirhugaðs Fjórðungsmóts Austurlands 2015. Samþykktur styrkur að upphæð kr. 100.000- sem kemur til greiðslu 2015.

Lárus vék af fundi vegna vanhæfi.

- b) Búnaðarfélag Fljótsdalshrepps sækir um 3ja millj.kr. styrk , til kaupa á viðarkurlara með Skógrækt Ríkisins, Héraðs-og Austurlandsskógum, Félagi Skógarbænda og e.t.v. fleiri aðilum. Samþykkt að veita BFF 1 millj kr. styrk , sem verði til greiðslu 2015.

Lárus kom aftur til fundar.

13. Fundargerðir

- a) Verkefna-og rannsóknarsjóður Fljótsdalshrepps og Landsbankans 29.10. Kynnt. Að þessu sinni úthlutar stjórn 2 verkefnum styrkjum. Helgi Elí Hálfðánarson , styrkuppæð kr. 300.00, verkefnið er hluti af mastersverkefni er lítur að framleiðslu etanóls úr vallarfoxgrasi. Arna Björg Bjarnadóttir hlýtur 100.000,- kr. styrk, til að safna heimildum og rita ítarlega grein um ævi og störf Þorfinns Sigmundssonar fyrrum bónda á Kleif í Fljótsdal.
- b) Aðalfundargerð Samtaka orkusveitarfélaga 10.10, ásamt ályktunum fundarins. Kynnt. Aðildargjöld sveitarfélaga hækka um 25% á næsta ári. Árgjald Fljótsdalshrepps hækkar því úr kr. 100.000,-í kr. 125.000,- árið 2015.
- c) Framkvæmdaráð Skólaskrifstofu Austurlands 29.10. Kynnt.
- d) Aðalfundargerð SSA 19.-20. 09 2014. Kynnt.
- e) Minjasafn Austurlands 28.10. Kynnt.
- f) Almannavarnarnefnd Múlaþings 24.10 . Kynnt.
- g) Brunavarnir á Austurlandi 24.10, ásamt fjárhagsáætlun 2015. Fjárhagsáætlun samþykkt. Hlutur Fljótsdalshrepps áætlaður kr. 2.552.991,-
- h) Brunavarnir á Héraði 09.10, ásamt fjárhagsáætlun 2015. Kynnt. Fjárhagsáætlun samþykkt. Hlutur sveitarfélagsins áætlaður kr. 806.400-
- i) Héraðsskjalasafn Austfirðinga 09.09 og 06.10. Kynntar.
- j) Byggingarnefnd Fljótsdalshrepps 30.10. Fundargerðin staðfest.

14. Önnur mál.

Engin önnur mál formlega tekin fyrir.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl 19.09

Þorvarður ritaði fundargerð í tölvu.

Gunnþórunn Ingólfsdóttir (sign)

Lárus Heiðarsson (sign)

Eiríkur J. Kjerúlf (sign)

Anna Jóna Árnarsdóttir (sign)

Þorvarður Ingimarsson (sign)